

MENNING



Andersson Svona málar hann leiðið.

Andersson sá heppni

Tilkynnt um Carnegie-listverðlaunin

TORSTEN Andersson fær Carnegie-verðlaunin í ár fyrir árið 2008. Þetta kunnngjörði Carnegie-stofnunin í gær, en verðlaunin eru með stærstu verðlaunum sem myndlistarmönnum hlotnast.

Dómnefnd var samdóma í álitinu sínu um að Andersson fengi fyrstu verðlaun, en verðlaunaféð nemur andvirði ríflega þrettán og hálfar milljónar króna.

Torsten Andersson er vel þekktur og virtur listmálari og þykja verk hans sérdeilis kraftmikil. Í umsögn dómnefndar sagði meðal annars: „Með sitt sérstæða myndmál hefur Torsten Andersson verið í stöðugri framþróun á löngum starfsferli.“

Kvikmyndir verðlaunaðar

Önnur verðlaun að andvirði líðlega fimm milljóna króna fær hinn viðurkendi danski listamaður Jesper Just fyrir kvikmyndina *Vicious Undertow* sem í skerpu og nákvæmni minnir á málverkið. Just hefur áður vakið athygli fyrir kvikmyndir þar sem hann meðal annars hefur tekið til meðferðar kynbundin hlutverk og félagslega kóða í Hollywood-kvikmyndum.

Daninn John Kørner hlýtur þriðju verðlaun að andvirði þriggja og hálfar milljónar króna fyrir sín leikandi og glóandi málverk sem sækja fyrirmyndir í daglegt líf. Hann setur fram pólitískar spurningar í listsköpun sinni þar sem grunnlitirnir gult og bleikt einkenna verk hans. Styrk til yngri listamanns að andvirði 900 þúsund króna, hlýtur listamaðurinn Nathalie Djurberg fyrir sjónræna frásagnarhæfileika í kvikmyndinni *New Movements in Fashion*. Verðlaunin verða afhent við opinbera athöfn í Kiasma-nútímalistasafninu í Helsinki þann 25. október 2007. Samtímis verður sýning á verkum listamanna 26, sem dómnefndin hefur valið úr hópi 143 tilnefndra, opnuð. Íslenskir þátttakendur í sýningunni eru þau Þórdís Aðalsteinsdóttir og Þór Vigfússon. Sýningin kemur í Listasafn Kópavogs að ári.

Tónlist

Kvartett Jóels á Jómfrúnni í dag

Á FIMMTU tónleikum sumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu í dag leikur kvartett saxófónleikarans Jóels Pálssonar. Aðrir hljóðfæraleikarar eru Eðvarð Lárusson gítarleikari, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur. Fluttir verða standardar og minna þekkt efni í bland.

Tónleikarnir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Leiðið verður utandyra á Jómfrúartorginu ef veður leyfir, en annars inni á Jómfrúnni. Aðgangur er ókeypis.



Jóel Pálsson

Myndlist

Kristján Steingrímur neðan yfirborðs

KRISTJÁN Steingrímur opnar sýningu á nýjum teikningum og málverkum í Jónas Viðar Gallery á Akureyri í dag.

Á undanföllum árum hefur Kristján Steingrímur í verkum sínum skyggnst undir yfirborð. Hann hefur dregið upp myndir af hinu smágerða og oftast ósýnilega í umhverfi okkar með því að stækka það upp og gefa því merkingu. Auk vinnu að listsköpun hefur Kristján unnið við kennslu og stjórnunarstörf, nú síðast sem deildarforseti við Listaháskóla Íslands. Sýning Kristjáns Steingrímis stendur til 19. júlí.




Kristján Steingrímur

Myndlist

Fjallamjólkin á sumarsýningu

Í DAG verður opnuð í Listasafni ASÍ sýning á verkum í eigu safnsins. Það var Ragnar Jónsson, forstjóri Smára, sem gaf ASÍ 120 listaverk að gjöf sem stofn í Listasafn ASÍ hinn 17. júní 1961 og hefur safnið verið í stöðugum vexti síðan. Sumarsýningin er í öllu húsinu og spannar breitt tímabil í íslenski listasögu. Í Ásmundarsal verða sýnd málverk eftir listamennina Jóhannes Kjarval og Jón Stefánsson. Sýningin er opin frá kl. 13-17 alla daga nema mánudaga og stendur til 26. ágúst.



Jóhannes Kjarval

Rúrí fremur gjörning með hljóði og mynd á Hallarhátíðinni Höchst í Frankfurt



Fossaföll Verk eftir Rúrí sem var á sýningu hennar Fossi á Kjarvalsstöðum í vetur. „Ég er enn að fjalla um fossinn og held mikið upp á hann,“ segir Rúrí. Nú glómir hún við fossa í Frankfurt.



Efing Hljóðheimur hljóðfærins kannaður fyrir Þýskalandserföð.

Hvernig talar maður við foss?

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

„Það þarf stórt hljóðfæri til að geta talað við foss. Verkið heitir Vocal, því þarna fara fram ákveðin tjáskipti fossins og hljóðinnsetningarinnar,“ segir Rúrí, sem hefur smíðað eitt stærsta hljóðfæri sem sögur fara af hér á landi. Rúrí er í Frankfurt í Þýskalandi, og í kvöld fremur hún gjörninginn *VOCAL III – Endangered* við forna borgarmúra Frankfurt-Höchst, á listahátíðinni Schlossfest Frankfurt-Höchst. Gjörningurinn átti að verða opunaratriði hátíðarinnar, 9. júní, en vegna

ofsafengins þrumuveðurs sem gekk skyndilega yfir rétt fyrir opunarhátíðina varð að fresta gjörningnum.

En hvernig talar maður við foss? „Fossinn er svo máttugur að ég sá ekki fram á annað en að ég yrði að búa til hljóðinnsetningu sem hægt væri að leika á, og ætti í fullu tré við fossinn þegar leikið væri á hana,“ segir Rúrí, sem segir að tónlistarmennirnir sem leika með henni, Steingrímur Guðmundsson, Jón Geir Jóhannsson og Tjörvi Jónsson, kalli þetta hljóðfæri, þótt myndlistarmenn myndu eflaust kalla það hljóðinnsetningu. „Hljóðverkið er smíðað á Íslandi og ég hef lagt mikið upp úr

því að verkin mín séu smíðuð heima verði því komið við. Við eigum fullt af góðu fagfólki sem kann margt fyrir sér, hvort sem það eru smíðir, tæknifræðingar, kvikmyndamenn, verkfræðingar, tölvufræðingar, tónlistarmenn eða aðrir, og það gefur mér óskaplega mikið að vinna með slíku fólki og njóta hæfðleika þeirra. Tónlistarmennirnir sem eru með mér núna leggja til dæmis allir sína þekkingu, reynslu og sköpun í verkið.“

Himnafossinn tók völdin

Í gjörningnum birtist fossinn í risastórri mynd á tjaldi. „Það var nú einmitt það sem gerðist við opnunina

– náttúran tók sjálf aðalhlutverkið í þrumuveðrinu. Og þetta getur maður nú ekki alltaf pantað. Þetta var mjög sérstakt, og hefði verið gaman ef við hefðum getað perforerað með náttúrunni. En rafmagnnið datt út, og þá var ekkert hægt að gera – það var enginn viðbúinn þessum möguleika,“ segir Rúrí.

Hallarhátíðin í Höchst er fjölmenn og vinsæl og stendur í rúman mánuð í bæjarhluta Frankfurt sem heitir Höchst og liggur við ána Rín. Reykjavík er sérstakur gestur á Hallarhátíðinni og yfirskrift hátíðarinnar að þessu sinni er *Halló Reykjavík*.

Kom siglandi til sýningar

Eftir Helga Snæ Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

NORSKI grafíklistamaðurinn Martin Due sýnir þessa dagana ætíngar og þurrálarmyndir í sýningarsal félagsins Íslensk grafík, undir yfirskriftinni *Form – sögur af landslagi*. Martin er mikill siglingagarpur og sigldi ásamt fimm öðrum á skútu til Íslands og kom að landi í fyrradag.

Martin mun sitja yfir sýningunni í dag og um helgina, og verður því hægt að spyrja hann út í grafíktækni verkanna beint.

Myndefni Due er norskt landslag, fjöll og einnig bæir grafnir í koparplötur af hárfinni alúð og nákvæmni. Due segir grafíkina kallast á við mótun landslagsins, það hafi verið sorfið til og grafið í árþúsundir. Á sama hátt meðhöndli hann efnivið grafíkmiðilsins, í þessu tilfelli koparplötuna, grafi í hana línur og dali.

„Málmurinn er unninn úr bergi og myndlistarmaðurinn vinnur svo í hann, líkt og öflin móta landslagið,“ segir Due.

Myndlist í blóðinu

Due lauk mastersnámi í myndlist og hönnun frá háskólanum í Ósló og lærði grafíklistina af föður sínum, aldagamlar aðferðir á borð við línuætingu og akvatintu. Afí hans var listmálari og faðir hans grafíklistamaður. Due á því myndlistarhæfileika sína ekki langt að sækja.

„Ég er alinn upp í síðmóðernískri myndlistarhefð, sem felur í sér að myndin eigi alltaf að vera áhugaverð að forminu til, ekki aðeins sagan á bakvið hana,“ segir Due.

Salur Íslenskrar grafíkur er við Tryggvagötu 17, hafnarmegin. Sýningu Due lýkur 8. júlí og er salurinn opin kl. 14-17, frá fimmtudegi til sunnudags.



Sægarpur Myndefni Martin Due er norskt landslag, fjöll og einnig bæir grafnir í koparplötur af hárfinni alúð og nákvæmni. Grafíkin kallast á við mótun landslagsins.

Morgunblaðið/Eyþór